

Alþingi
Erindi nr. P 139/2585
komudagur 20. 5. 2011

NASDAQ OMX™

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 19. maí 2011
Tilvísun 111
MKÁ

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 3/2006, um ársreikninga, með síðari breytingum (góðir stjórnarhættir o.fl.), 698. mál

Vísað er til tölvupósts viðskiptanefndar Alþingis frá 11. maí 2011 þar sem óskað var umsagnar NASDAQ OMX Iceland hf. (Kauphöllin) um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 3/2006, um ársreikninga, með síðari breytingum (góðir stjórnarhættir o.fl.).

Kauphöllin styður innleiðingu ákvæða tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2006/46/EB um góða stjórnarhætti félaga sem eru með verðbréf tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði. Góðir stjórnarhættir eru mikilvægur þáttur í því að auka gagnsæi í rekstri fyrirtækja og ein af lykilforsendum fyrir endurreisn íslensks verðbréfamarkaðar. Kauphöllin telur að skýr lagaákvæði um skyldu til að birta yfirlýsingu um stjórnarhætti í ársreikningi séu til þess fallin að íslensk fyrirtæki leiði hugann að því hvaða hagr sé af því að setja skýrar reglur varðandi stjórnarhætti og hvetji fyrirtæki enn fremur til að innleiða skýrt verklag og viðmið varðandi stjórnarhætti í samræmi við ákvæði laga og leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja.

Kauphöllin vill þó koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum við 1. gr. frumvarpsins:

1. gr. – Góðir stjórnarhættir

Samkvæmt ákvæðinu er félagi sem hefur fengið verðbréf sín tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði í ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins gert skylt að birta yfirlýsingu um stjórnarhætti sína í sérstökum kafla í ársreikningi sínum. Samskonar ákvæði er að finna í 1. lið 7. mgr. 1. gr. tilskipunar nr. 2006/46/EB. Ákvæði tilskipunarinnar virðist þó ganga lengra, að því er varðar ákveðin atriði, heldur en ákvæði frumvarpsins. Kauphöllin telur ekki augljós rök fyrir því að víkja frá því sem kveðið er á um í tilskipuninni og telur mikilvægt að efni tilskipunarinnar sé fylgt eins og kostur er. Kauphöllin vill því koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri:

„Fylgið eða skýrið“

Skv. 1. tl. 2. mgr. 1. gr. frumvarpsins kemur fram að „[v]íki félag frá hluta reglna eða hefur ákveðið að beita ekki neinum ákvæðum reglna um stjórnarhætti skal greina frá ástæðum þess.“ Til samanburðar þá kemur fram í b-lið 1. liðar 7. mgr. 1. gr. tilskipunar nr. 2006/46/EB að í yfirlýsingunni skuli einnig koma fram skýring á því frá hvaða hlutum reglna um stjórnarhætti fyrirtækja félag víkur frá. Samkvæmt tilskipuninni er því ekki nægjanlegt að greina almennt frá ástæðum þess að félag ákveður að víkja frá ákvæðum reglna um stjórnarhætti fyrirtækja heldur verður félag einnig að greina frá því hvaða einstaka þáttum það hefur ákveðið að víkja frá. Ákvæði tilskipunarinnar er í samræmi við


þær kröfur sem gerðar hafa verið í reglum fyrir útgefendur fjármálagerninga á NASDAQ OMX Iceland hf. en samkvæmt ákvæði 2.27 í reglunum ber fyrirtæki að fylgja svokallaðri „fylgið eða skýrið“ reglu þar sem gert er ráð fyrir að félag lýsi því yfir í ársreikningi hvort það fylgi Leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja. Hafi félagið ekki fylgt leiðbeiningunum að öllu leyti skal það greina frá frávikum. Í samræmi við það sem hér kemur fram leggur Kauphöllin til að gerður verði skýr áskilnaður um að félag skýri ekki einungis frá því af hverju það vikur frá reglum um stjórnarhætti fyrirtækja heldur skuli það enn fremur greina frá því hvaða ákvæðum í reglunum það vikur frá og ástæðu þess.

d-liður 1. liðar. 7. mgr. 1. gr. tilskipunar nr. 2006/46/EB

Í umræddu ákvæði tilskipunar nr. 2006/46/EB er gerð krafa um að yfirlýsing um stjórnarhætti fyrirtækja innihaldi upplýsingar um atriði sem koma fram í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2004/25/EB um yfirtökutilboð. Kauphöllin leggur til að vandlega verði farið yfir hvort ástæða sé til að taka umrædd atriði upp í 1. gr. frumvarpsins og gera kröfu um að upplýsingarnar sem þar eru tiltekna séu birtar í yfirlýsingu um stjórnarhætti fyrirtækja.

Kauphöllin gerir ekki frekari athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllst,



Magnús Kristinn Asgeirsson
lögfræðingur.